

*íþróttir*

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA 2025



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA

Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra. Sjóðurinn er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2025–2029 og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með samkeppnissjóði er átt við að samkeppni milli verkefna ræður úthlutun. Bestu verkefni að mati fagráðs hljóta brautargengi, að undangengnu formföstu ferli þar sem umsóknum eru gefnar einkunnir og stig eftir útgefnu matsblaði. Til að koma til greina þurfa umsækjendur að hafa lögheimili á Norðurlandi vestra eða vera í samstarfi við aðila á svæðinu, einnig þurfa verkþættir sem sótt er um styrk fyrir að koma til á árinu 2025.




Uppbyggingarsjóður heyrir undir Sóknaráætlun Norðurlands vestra sem er okkar stefnuskjal og leiðarljós fimm ár í senn. Árið 2025 tekur gildi ný Sóknaráætlun Norðurlands vestra fyrir árin 2025–2029. Á undanförunum árum hefur umsækjendum í Uppbyggingarsjóð fjölgað til muna og verkefni hafa eflst. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeirri uppbyggingu, en þetta skiptir máli fyrir okkar samfélag og atvinnulíf. Nýbreytni, aukin virðissköpun og almenn framþróun hjálpar okkur að byggja á því góða sem við höfum og eykur fjölbreytnina.

Atvinnuráðgjafar SSNV á sviðum fyrirtækja, ferðamála, nýsköpunar og menningar eru með viðveru á skrifstofum samtakanna á Hvammstanga, Blönduósi, Skagaströnd og Sauðárkróki. Þau veita aðstoð við umsækjendur og styrkhafa Uppbyggingarsjóðs, halda vinnustofur og námskeið og leiðbeina eftir bestu getu.

Við hvetjum íbúa svæðisins til að kynna sér þau verkefni sem hafa hlotið styrk úr Uppbyggingarsjóði, sækja viðburði eins og hægt er, fylgjast með atvinnu- og menningarlífi og að sjálfsgöðu að hafa samband við ráðgjafa SSNV varðandi þau verkefni sem þeir eru sjálfir með í burðarliðnum. Okkur er ekkert að vanbúnaði og hér viljum við áfram sjá blómlegar byggðir og öflugt atvinnulíf.

*F.h. starfsfólks SSNV,  
Katrín M. Guðjónsdóttir,  
framkvæmdastjóri*

# ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ



Árþing SSNV kýs úthlutunarnefnd og tvö fagrád Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra. Hlutverk fagráðanna er að leggja faglegt mat á umsóknir og gera tillögur um styrkveitingar til úthlutunarnefndar.

## Fagrád menningar

- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður
- Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, Skagafjörður
- Steinunn Gunnsteinsdóttir, Skagafjörður
- Grímur Rúnar Lárusson, Húnabyggð
- Jón Ólafur Sigurjónsson, Skagaströnd

Starfsmaður Fagráðs menningar er Guðlaugur Skúlason, starfsmaður SSNV.

## Fagrád atvinnuþróunar og nýsköpunar

- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður
- Jón Örn Stefánsson, Húnabyggð
- Gunnsteinn Björnsson, Skagafirði
- Gunnar Tryggvi Halldórsson, Húnabyggð
- Rakel Runólfsdóttir, Húnaþingi vestra

Starfsmaður Fagráðs atvinnu- og nýsköpunar er Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmaður SSNV.

## Úthlutunarnefnd

- Ragnhildur Haraldsdóttir, Húnabyggð, formaður
- Hildur Þóra Magnúsdóttir, Skagafirði, formaður Fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
- Elín Lilja Gunnarsdóttir, Húnaþingi vestra, formaður Fagráðs menningar.

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra hefur lokið úthlutun þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar voru fyrir árið 2025. Til verkefna þessa árs hafa hafa því verið lagðir allnokkrir fjármunir í ýmiss konar störf og viðfangsefni í landshlutanum.

Alls bárust 130 umsóknir um styrki að upphæð 239 milljónir króna en til úthlutunar voru 60 milljónir. Aldrei áður hafa borist jafn margar umsóknir í Uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra. Eftir skoðun og yfirferð fagráðs menningar annars vegar og atvinnuþróunar og nýsköpunar hins vegar hlutu 63 umsóknir brautargengi.

# STYRKHAFAR

## atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Fagráðið metur allar umsóknir til einkunna og stiga, byggt á mati á því hvort verkefnið sé m.a. talið líklegt til atvinnusköpunar, fjölgunar starfa, að auka fagmennsku og fjölbreytni í störfum, auk mats á gæðum og raunsæi umsóknar út frá markmiðum og fjárhagsáætlun, og leggur til styrkupp hæð út frá samkeppnishæfi umsóknarinnar.

### STYRKÞEGI

### VERKEFNI

### UPPHÆÐ

**Skíðadeild UMF Tindastóls** **Markaðssetning fyrir skíðasvæðið í Tindastól** **550.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að fjölga gestum á skíðasvæði Tindastóls með öflugri markaðssetningu og auka þannig um leið tekjur félagsins. Skíðasvæðið er einnig ferðamannasegull á Norðurlandi vestra og getur stuðlað að auknum ferðamannastraumi, betri nýtingu á gistingu á svæðinu og auknum tekjum fyrir aðra þjónustuaðila á svæðinu. Hugmyndin er kynna gönguskíðasvæði og brettasvæði Tindastóls.

### Verk lausn ehf.

### Einingahús Norðurlands

**3.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að skapa störf við að framleiða nútímaleg, fullbúin hús innandyrna í rækjuvinnslnunni á Skagaströnd með sérstaka áherslu á að svara eftirspurn eftir hagkvæmu húsnæði á landsbyggðinni.

**Freydís Guðný Hjálmarsdóttir/Kavita** **Íslenskrar próteinvörur fyrir heilsu og samfélag** **4.000.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að þróa próteinbætt matvæli úr íslenskum hráefnum, sem henta til daglegrar neyslu. Margir aldraðir, sjúklingar og þeir sem stunda mikla hreyfingu, neyta ekki nógu próteinríkrar fæðu til að viðhalda vöðvamassa, styðja við bata og endurheimt. Duft, drykkir og matvæli með íbættu próteini eru því orðnar vinsælar vörur og ört vaxandi markaður, m.a. fyrir heilbrigðisstofnanir og mótuneyti. Íslenskt sjávarkollagen, sæbjúgnaduft og mysuprótein eru kjörin hráefni í slíkar vörur.

### Embla Dóra Björnsdóttir

### Local Snafsar

**1.851.412 kr.**

Verkefnið miðar að því að þróa og framleiða snafsa sem eru sérmerktir Norðurlandi vestra með notkun á hráefnum úr héraðinu. Við leggjum áherslu á að nýta náttúruleg hráefni af svæðinu sem ræktað er í Hegrnesi. Markmiðið er að skapa einstaka snafsa úr hráefnum af bænum Egg og stuðla þannig að aukinni nýtingu á þeim hráefnum sem þar eru í ræktun.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

**Hrund Jóhannsdóttir**

**Hret - víngerð**

**4.374.764 kr.**

Hret Víngerð mun framleiða hágæða íslenskt freyði- & ávaxtavín. Markmið fyrirtækisins er að þróa farsælt vörumerki með áherslu á íslenskan uppruna en á alþjóðlegum markaði.

Byrjað verður á rannsóknum og þróun á rabarbara freyðivíni, sem leggur grunninn að vörulínunni. Hret stefnir að sjálfbærri hráefnaöflun frá íslenskum bændum og tínslufólki. Fyrstu skrefin fela í sér uppsetningu framleiðslu, smáprófanir og stefnumótandi markaðssetningu.

**Skotta ehf.**

**Stafræn Markaðsstofa**

**1.000.000 kr.**

Markmiðið er að undirbúa stofnun stafrænnar markaðsstofu á Sauðárkróki, með því að gera markaðsgreiningu, rekstraráætlun og kynningaráætlun og hanna vefsvæði, kennimerki og gera kynningarefni.

**Resea Energy ehf.**

**Íslenskt sjávargull**

**4.200.000 kr.**

Markmið verkefnisins er að rækta íslenskan þara á sjálfbæran hátt til framleiðslu lífræns áburðar, fóðurs og verðmætra efna eins og alginate og mannitol. Með þessu viljum við styrkja sjálfbæran iðnað, draga úr innflutningi á fóðri og áburði og stuðla að kolefnisbindingu ásamt því að vernda vistkerfið í hafinu. Verkefnið mun einnig skapa störf og stuðla að nýsköpun á landsbyggðinni.

**Selasetur**

**Selaskoðun í**

**3.282.500 kr.**

**Íslands ehf.**

**sýndarveruleika**

Verkefnið felur í sér uppsetningu á selaskoðun í sýndarveruleika á Selasetri Íslands á Hvammstanga. Verkefnið er liður í að bjóða upp á sérlega sjálfbæra útgáfu af selaskoðun, dreifa þannig álagi í selaskoðun og minnka áreiti á viðkvæma selastofna Íslands.

Á sama tíma bæta aðgengi þeirra hópa sem eiga erfitt með að stunda selaskoðun að þeirri upplifun sem selaskoðun er.

**Gallerí Ós,**

**Gallerí Ós sýnileiki í skilti**

**495.000 kr.**

**handverksmarkaður**

Markmið er að gera skilti til að Gallerí Ós verði sýnilegra. Merkja húsið og skilti út við Þjóðveg 1, báðum megin við bæinn og við götuna sem liggur að galleríinu. Skiltin vísa til þess sem er selt þar.

## Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Bjórsetur Íslands - brugghús slf.</b>	<b>Bjór landsnámsmanna - komdu, sjáðu og prófaðu</b>	<b>875.000 kr.</b>
<p>Þegar Ísland var numið komu norrænir menn með þekkingu til ölgerðar með sér. Þekkt er að byggð voru upp hituhús til bjórgerðar, t.d. á Hólum í Hjaltadal. Hér á landi hefur þekking og reynsla á fornbjórgerð dáið út, en hana má finna í Noregi. Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar að byggja upp aðstöðu til þess að brugga fornbjór, líkan þeim sem bruggaður var á Íslandi á landnámsöld (og er enn í dag bruggaður í Noregi). Hins vegar, að kynna slíkan bjór og gerð hans fyrir almenningi.</p>		
<b>FoodSmart Nordic ehf.</b>	<b>Losun þungamálma og nýting á hliðarafurðum</b>	<b>6.000.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er tvíþætt. Annars vegar er markmiðið að halda áfram þróun á losun þungmálma í vinnslu sæbjúga og hins vegar er markmiðið að nýta betur hráefnið með því að fanga hliðarafurðir sem verða til í framleiðsluferlinu. Hingað til hefur aðaláhersla FoodSmart verið að ná fram afurð í hæsta gæðaflokki en með þessu verkefni verður ný áhersla lögð á að nýta allt hráefni eins vel og hægt er.</p>		
<b>Handbendi brúðuleikhús ehf.</b>	<b>Dótaleikhús - vöruþróun</b>	<b>371.324 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að þróa leikfangaleikhús sem hvetur börn og fjölskyldur til að skapa sögur, örva hugmyndaflug og auka sköpunarkraft. Markmið okkar er að skapa okkur sterka stöðu á markaði með fjársöfnunarátaki, prófunum og takmarkaðri framleiðslu. Þetta verkefni mun auka vöruúrval fyrirtækisins, færa skapandi framtíðarsýn okkar inn á heimili og fræðslusvæði, auk þess að leggja grunn að frekari vöruþróun.</p>		

# STYRKHAFAR

## Menningarverkefni

Flestar umsóknir berast árlega í flokk verkefnastyrkja á sviði menningar, sem er til marks um blómlegt og fjölbreytt menningarlíf svæðisins. Úr vöndu er að ráða vegna fjölda umsókna miðað við fjármagnið til umráða. Við yfirferð umsókna er m.a. lagt mat á listrænt og menningarlegt gildi verkefnisins fyrir svæðið, hversu vel verkefnið falli að áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar Norðurlands vestra, líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum, gæði umsóknar með tilliti til verkefnalýsingar, rökstuðnings, skýrleika og raunsæis markmiða og fjárhagsáætlunar og hversu líklegt sé að verkefnið muni ná fram að ganga.

STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

## Bókmenntir / fræðirit / margmiðlun

USAH, Ungmennasamband

Húnavökurit 2024

350.000 kr.

Austur-Húnavetninga

Markmiðið með útgáfu Húnavökuritsins er að halda úti menningar- og upplýsingariti um Austur-Húnavatnssýslu að fornu og nýju. Þannig varðveitist sagan og henni er miðlað til fólks, bæði innan héraðs og utan.

Guðmundur Haukur

Húni 46. árgangur

350.000 kr.

Sigurðsson fh. USVH

Húni 46. árgangur kemur út ef allt gengur að óskum vorid 2025. Í ritinu verður margs konar fróðleikur úr héraði svo sem; viðtöl, frásagnir, greinar, ljóð, fréttapistlar frá hinum ýmsu svæðum í Húnaþingi vestra auk minningagreina um látna og fl.

## Menningartengd ferðapjónusta

Katrín Sif Rúnarsdóttir

Rabarbarahátíð 2025

500.000 kr.

Rabarbarahátíð í gamla bænum á Blönduósi árið 2025 er haldin til þess að vekja athygli á sögu og nytjum rabarbarans bæði hér á landi sem og erlendis. Á sama tíma viljum við upphefja rabarbarann sem var afar mikilvæg nytjaplanta hér á landi frá lokum 19. aldar fram að lokum 20. aldarinnar en hann hefur nú því miður vikið fyrir innfluttum vörum. Rabarbari er flokkaður sem fjölært grænmeti, en afar fáar grænmetistegundir eru fjölærar.

Húnabyggð

Söguferðapjónusta

500.000 kr.

Skapa menningartengda afþreyingu óháð þjóðerni, sem hægt væri að upplifa hvort heldur sem er á Norðurstrandarleið innan Húnabyggðar eða heima við tölvuna. Verkefninu er ætlað að draga fleiri ferðamenn á svæðið og styðja við Norðurstrandaleið þar sem frásögnum er ætlað að vekja upp forvitni að skoða söguvið þeirra og njóta frekari upplifana.



STYRKÞEGI

VERKEFNI

UPPHÆÐ

## Menningararfur / safnamál

Sólveig Hulda

Héraðsskólinn að

800.000 kr.

Benjamínsdóttir/Byggðasafn

Reykjum

Marmíð verkefnisins er að setja upp sýningu á Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna sem varpar ljósi á sögu Héraðsskólans á Reykjum og hver áhrif tilvist hans hafði á samfélagið við Húnaflóa.

Húnaþing vestra

Húsin í bænum

400.000 kr.

Verkefnið gengur út frá að setja upp upplýsingaskilti um íbúðarhús í eldri hluta Hvammstanga byggð á texta og myndum úr bókinni Hús og híbýli á Hvammstanga, húsaskrá 1898-1972 eftir Þórð Skúlason sem út kom hjá bókaútgáfunni Skriðu árið 2021. Inniheldur bókin upplýsingar um 120 hús sem byggð voru á Hvammstanga fram til ársins 1972. Með birtingu upplýsinganna á skiltum eru þær gerðar aðgengilegar fleirum og sögu staðarins miðlað til heimamanna og gesta með aðgengilegum hætti.

## Myndlist/ljósmyndalist

Kaupfélag Vestur-

Menningar- og byggðasaga

800.000 kr.

Húnavetninga svf.

Húnaþings vestra

Kaupfélagið ákvað að leita til íbúa svæðisins eftir hugmyndum að því hvað hægt væri að gera til að fríska uppá hlið kaupfélagsins og gera hana skemmtilegri fyrir gesti og gangandi. Ýmsar hugmyndir bárust og útfrá þeim var ákveðið að prýða austurhlidina myndum af starfsemi kaupfélagsins, myndum af menningu og sögu svæðisins, ljóðum, textum, uppskriftum og/eda öðru eftir heimafólk svo eitthvað sé nefnt.

## Tónlist

Valgeir Steinn

Sönghópur félags eldri borgara

250.000 kr.

Kárason

í Skagafirði

Markmiðið er rekstur kórs til að efla menningarstarf landshlutans, ferðast innan og utan landshlutans og vera félagsskapur eldri borgara í Skagafirði, sem kemur saman á söngæfingum til að æfa söngdagskrá fyrir tónleika og til eigin dægrastyttingar.

Guðmundur Haukur

Vor og jólatónleikar 2025

300.000 kr.

Sigurðsson

Kór eldri borgara í Húnaþingi vestra

Kór Eldri borgara í Húnaþingi vestra vill halda úti öflugum söngstarfi meðal eldri borgara í Húnaþingi vestra og miðla afrakstrinum til samfélagsins. Helstu verkefni eru æfingar og undirbúningur tónleika sem haldnir verða að vorlagi og fyrir jól 2025 á Hvammstanga.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir</b>	<b>Norðanpaunk 2025</b>	<b>1.000.000 kr.</b>
<p>Norðanpaunk er ættarmót paunkara á Íslandi. Markmið Norðanpaunks er að vera vettvangur fyrir hljómsveitir sem eru of óvanalegar eða skrýtnar fyrir aðra tónleikastaði. Norðanpaunk leggur áherslu á að veita ungum, óvanalegum, íslenskum hljómsveitum brautargengi með aðstoð útvaldra erlendra gesta.</p>		
<b>Alfreð Guðmundsson</b>	<b>Dýrin á Fróni - Vísnaögur um algeng íslensk dýr</b>	<b>300.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnis er útsetja og gefa út 14 ný verk eftir Stefan Sand við vísur eftir Alfreð Guðmundsson, sem voru gefnar út í bókinni „Dýrin á Fróni - Myndskreyttar vísur um algeng íslensk dýr“</p>		
<b>Elín Jónsdóttir</b>	<b>Dísir &amp; Dívur</b>	<b>600.000 kr.</b>
<p>Að æfa blandaða dagskrá sönglaga með „Dívum“, útsett fyrir kvennakór, rytmíska hljómsveit og strengjakvartett undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Lög sem t.d. Annie Lennox, Björk, Eyvör, Ellý, Tina Turner og Carmen sungu og gerðu fræg. Að viðhalda og efla faglegt kórustarf, auka samvinnu, kynna klassísk og nútímaverk í íslensku tónlistarlandslagi og styrkja menningarlega upplifun á svæðinu. Að halda tónleika á Norðurlandi vestra. Vera með einsöngvara úr kórnum ásamt Helgu Rós Indriðadóttur</p>		
<b>Halldór Gunnar Ólafsson</b>	<b>Gleði í gömul hjörtu</b>	<b>300.000 kr.</b>
<p>Sönghópur frá Skagaströnd mun halda söngtónleika á öldrunarstofnunum á Norðurlandi vestra þ.e. á Sauðárkróki, Skagaströnd, Blönduósi og Hvammstanga með það að markmiði að færa gleði í gömul hjörtu.</p>		
<b>Gunnar Sigurðsson</b>	<b>Út um græna grundu</b>	<b>300.000 kr.</b>
<p>Skagfirski Kammerkórinn hefur undanfarin ár verið með fasta dagskrárlíði yfir starfsárið. Markmið verkefna Skagfirska Kammerkórsins er að bjóða samborgurum sínum upp á fjölbreytta menningardagskrá og afþreyingu í formi söngs og framsögu því tengt, á völdum tímum ársins.</p>		
<b>Vinir Tindastóls ehf.</b>	<b>Tindastuð</b>	<b>1.000.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að búa til skemmtun og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna í skíðabrekku Tindastóls. Þannig stuðlar hátíðin að framgangi skíðaíþróttarinnar, skíðasvæðis Tindastóls og kynnir Norðurland vestra sem áfangastað yfir vetrartímam, en þess má geta að Tindastóll er eina skíðasvæðið í landshlutanum.</p>		

# Menningarverkefni

## STYRKÞEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

Júlíus Guðni  
Antonsson

Vor- og jólatónleikar 2025

300.000 kr.

Viðhalda íslenskri karlakóramenningu og um leið fjölbreytni í menningarlífi á Norðurlandi vestra og víðar. Markmiðið er jafnframt að efla starf kórsins og styrkja framtíð hans.

Jólahúnar, félagasamtök

Jólahúnar

350.000 kr.

Skapa hátíðlega jólastemningu, efla tónlistarflóru svæðisins, styrkja tengsl við samfélagið og bjóða upp á faglegan vettvang fyrir listamenn. Tónleikarnir miða að því að bjóða áhorfendum upp á ógleymanlega upplifun með tónlist sem fangar jólaandann og stuðlar að samveru fjölskyldna og vina yfir hátíðarnar.

Pétur Pétursson

Starfsárið 2025

500.000 kr.

Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps heldur úti öflugum söngstarfi, sem er forsenda þess að kórinn sé starfhæfur. Starfið skiptir miklu máli í samfélaginu okkar því að þar er kominn vettvangur fyrir karla sem hafa gaman af söng að koma saman og þenja raddböndin og gefa um leið þeim sem finnst gaman að hlýða á kórsöng tækifæri til þess þegar kórinn kemur fram.

Elín Sigurlaug  
Sigurðardóttir

Stofutónleikar  
Heimilisiðnaðarsafnsins

250.000 kr.

Stofutónleikar Heimilisiðnaðarsafnsins hafa skapað sérstakan sess í viðburðum safnsins og menningarlífi héraðsins. Tónleikarnir hafa verið ólíkir á milli ára s.s. dægurtónlist, símfónitónlist, þjóðlagatónlist, óperutónlist, flaututónlist, kammertónlist, jazztónlist o.fl. Sigurdís Sandra mun leika á píanó, syngja og koma fram ásamt trommuleikara og bassaleikara.

Karлакórinn Heimir

Karлакórinn Heimir - Tónleikahald  
starfsárið 2024 - 2025

300.000 kr.

Verkefnið felst í tónleikahaldi Karлакórsins Heimis á starfsárinu 2024-2025. Í því felst undirbúningur og æfingar fyrir skipulagða tónleika kórsins á Norðurlandi vestra og einnig annað tilfallandi tónleikahald. Markmið verkefnisins er að bjóða íbúum á Norðurlandi vestra upp á flutning á fjölbreyttri tónlist, skemmtun og menningu til ánægju og gleði, og að bera hróður menningarstarfs á Norðurlandi vestra sem víðast um landið.

Sigurdís Sandra  
Tryggvadóttir

Ný kórtónlist við ljóð  
Jónasar Tryggvasonar

100.000 kr.

Tónlistarkonan Sigurdís ætlar að útsetja tvö verk sem hún hefur samið við ljóð Jónasar Tryggvasonar. Hún ætlar að flytja þau með Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps á 100 ára afmælistónleikum kórsins. Jónas samdi og útsetti mörg verk sem kórinn syngur enn í dag, svo með þessu verkefni vill Sigurdís skapa tengingu milli eldri sögu kórsins og samtíðar. Sigurdís vill einnig heiðra og minnst Jónasar og þeirra mörgu manna sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu kórsins í 100 ára sögu hans.

## Listhönnun

Elín Sigurlaug  
Sigurðardóttir

Sumarsýning/Sérsýning  
Heimilisiðnaðarsafnsins

300.000 kr.

Á hverju ári er opnuð ný sérsýning íslensks textíllistafólks í Heimilisiðnaðarsafninu. Markmiðið er að auka fjölbreytileika í sýningarflóru safnsins og auðga menningarlíf héraðsins. Einnig að skapa umfjöllun um safnið sem í framhaldi örvar heimsóknir í það.

## Danslist

Menningarfélag  
Húnaþings vestra

Dansskóli Menningarfélags  
Húnaþing vestra

1.000.000 kr.

Markmið verkefnisins er að tryggja faglegt og aðgengilegt dansnám fyrir börn og unglina á Hvammstanga og Blönduósi. Dansskólinn stuðlar að betri líkamlegri og andlegri heilsu nemenda og eykur fjölbreytni menningarstarfs á svæðinu. Skólinn býður upp á jákvæðar fyrirmyndir og vettvang fyrir skapandi tjáningu.

## Blönduð menningardagskrá

Menningarfélag  
Hofsóss

Bæjarhátíðin Hofsós heim

500.000 kr.

Hofsós heim er bæjarhátíð á landsbyggðinni sniðin fyrir unga sem aldna, hún stendur frá föstudegi til sunnudags í lok júní. Dagskráin er sambland af heimatilbúnum og aðkeyptum skemmtiatriðum þar sem allir munu finna eitthvað við sitt hæfi.

Slysavarnaeildin  
Skagaströnd

Hetjur hafsins

800.000 kr.

Hetjur hafsins er hátíð sem haldin hefur verið á Skagaströnd á sjómannadaginn, en honum hefur verið fagnað á Skagaströnd frá 1938. Er hátíðin haldin til þess að heiðra sjómenn fyrir þeirra fórnfúsu störf og hefur samfélagslegt mikilvægi fyrir sveitarfélagið sem sjávarþorp. Fiskveiðar hafa verið grunnur að afkomu íbúa frá upphafi. Mikilvægt er að viðhalda þessari menningarlegu hefð fyrir samfélagið allt.

Unglist í Húnaþingi

Eldur í Húnaþingi

1.000.000 kr.

Markmið Elds í Húnaþingi eru að efla samstöðu og samfélagsanda í Húnaþingi vestra með fjölbreyttum menningarviðburðum, skapa vettvang fyrir skapandi tjáningu íbúa og auka þátttöku fólks á öllum aldri. Hátíðin stuðlar jafnframt að jákvæðri ímynd svæðisins og eflir ferðaþjónustu og atvinnulíf með auknum gestakomum og kynningu.

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
<b>Menningarmiðja Norðurlands</b>	<b>Sköpunargleði í Bjarmanesi</b>	<b>200.000 kr.</b>
<p>Meginmarkmið Sköpunargleðinnar er að skipuleggja fjölbreytta listviðburði fyrir börn með það að markmiði að styrkja sjálfsmynd, hæfileika og að ýta undir félagslega virkni utan skóla. List hefur engin landamæri og er frábær leið til að opna á félagslega virkni hjá börnum með mismunandi bakgrunn. Bodið verður upp á keramik, myndlist, nýtingu efniviðar úr fjöru, endurvinnslu, brúðgerð o.fl. með áherslu á endurvinnslu, umhverfisvitund og sjálfbærni.</p>		
<b>Menningarfélag Gránu</b>	<b>Blönduð menningardagskrá í Gránu</b>	<b>500.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnisins er að halda áfram því viðburðahaldi sem byggt hefur verið upp í Gránu undanfarin ár. Þetta starf hefur haft það að markmiði að auðga menningarlíf á Norðurlandi vestra með áherslu á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa. Lögð verður áhersla á miðlun á þjóðlegum fróðleik, fjölbreytta tónlist og fræðslu um fjölbreytta hluti. Viðburðunum er ætlað að vera vettvangur fyrir fjölskyldufólk á öllum aldri til að hittast, viðburðir þar sem kynslóðirnar geta sameinast.</p>		
<b>Fluga ehf.</b>	<b>Sveitasæla 2025</b>	<b>500.000 kr.</b>
<p>Markmið Sveitasælu er að efla og viðhalda gamalli landbúnaðarmenningu í Skagafirði með því að skapa vettvang fyrir búgreinafélög Skagafjarðar til að kynna íslenskan landbúnað og tengja framleiðendur landbúnaðarafurða við neytendur. Sveitasæla býður bændum og öðrum í landbúnaði, tækifæri til að sýna framleiðsluvörur sínar og uppskeru og fyrirtæki fá vettvang til að kynna nýjar vörur og tækni í landbúnaði. Með Sveitasælu er markmiðið að styrkja samfélagið og skapa skemmtilegan menningarviðburð.</p>		
<b>Hólmfríður Dóra Sigurðardóttir</b>	<b>Þórdís spákona</b>	<b>200.000 kr.</b>
<p>Markmið verkefnis er að gera söguna lifandi í myndlistarformi og kynna hana og menningararfinn fyrir bæði heimamönnum og ferðamönnum. Sögu um eftirtektarverða konu sem var uppi á 10. öld, Þórdísi spákonu. Listamennirnir túlka söguna á og í alls konar efni, hver á á sinn hátt. Saga Þórdísar spákonu er mikil saga og hægt að túlka hana endalaust.</p>		
<b>Nes listamiðstöð ehf.</b>	<b>Light up 2025</b>	<b>800.000 kr.</b>
<p>Valdnir listamenn koma saman og vinna að einstökum listaverkum sem nýta kraft ljóssins. Verkefnið er hluti af vetrarþrógrammi NES listamiðstöðvar og er með það markmið að gleðja okkur í skammdeginu með því að lýsa upp ýmsa staði víðs vegar um Skagaströnd.</p>		

# Menningarverkefni

## STYRKÞEGI

## VERKEFNI

## UPPHÆÐ

### Húnabyggð

### Haust í Húnabyggð

300.000 kr.

Markmiðið er að efla og tryggja gott menningarlíf í sveitarfélaginu með því að búa til vettvang þar sem bæði íbúar og gestir geta hist, bæði með því að bjóða upp á menningu og með því að varðveita og endurvekja gamlar hefðir í matargerð ásamt því að hafa gleði og gaman í fyrirrúmi.

### Húnabyggð

### Húnavaka

1.000.000 kr.

Markmið Húnavöku er að skapa umhverfi þar sem íbúar og gestir geta sameinast og átt góðar stundir og notið alls þess sem Húnabyggð hefur upp á að bjóða í atvinnulífinu, þjónustu, menningu og listum. Við leggjum áherslu á að styrkja ímynd Húnabyggðar sem er í mikilli uppbyggingu í menningar- og atvinnumálum ásamt því að auka samheldni í sveitarfélaginu.

## Leiklist og aðrar sviðslistir

### Leikfélag Sauðárkróks

### Með táning í tölvunni

600.000 kr.

Markmið verkefnisins er að setja upp gamanfarsa í Sæluviku Skagfirðinga í apríl 2025. Leikfélag Sauðárkróks vill uppfylla sterkar væntingar samfélagsins um að taka þátt í menningarlífi Skagfirðinga sem og að gefa fólki kost á að taka þátt í verkefninu hvort sem er sem þátttakandur eða áhorfendur.

### Leikflokkur Húnaþings vestra

### Boogie Nights

700.000 kr.

Að halda uppi leiklistarstarfsemi í Húnaþingi vestra. Að nýta þann mannafla sem hefur áhuga og getu til að standa fyrir stærri verkefnum leikflokksins. Að efla menningu í Húnaþingi með leik og söng.

### Nemendafélag Fjölbrautaskólans á Norðurlandi vestra

### Leikrit NFNV 2025

250.000 kr.

Markmiðið með leikriti NFNV er að gefa ungu fólki tækifæri til að spreyta sig á leiklist, söng, undirleik og öðru sem tengist því að setja upp menningarviðburð. Einnig að tengja skólastarfið og menningarlífið í skólanum við nærsamfélagið og aðra sem áhuga hafa. Auk þess auðga leiksýningarnar menningarflórana á svæðinu og komin nokkuð löng hefð fyrir þeim.

### Guðbjörg Eva

### Leikfélag Blönduóss - Rís á ný

600.000 kr.

### Guðbjartsdóttir

Markmið verkefnisins liggur í að halda áfram að byggja upp leikfélagið og nú með því að sýna eftir áramót barnaleikritið Kardemommubærinn.

## Menningarverkefni

STYRKÞEGI	VERKEFNI	UPPHÆÐ
-----------	----------	--------

**Leikfélag Hofsóss**

**Rauða klemman**

**400.000 kr.**

Markmiðið er að efla menningarstarfsemi á landsbyggðinni. Að gefa meðlimum leikfélagsins kost á að takast á við krefjandi en jafnframt gefandi verkefni sem felst í uppsetningu á leikriti í fullri lengd. Að gefa þátttakendum verkefnsins kost á leiðsögn fagmenntaðs leiðbeinanda.

## Annað

**Herdís Guðlaug Rabölle  
Steinsdóttir**

**Æðarfuglar í beinni: Streymi úr  
æðarvarpi yfir varptímann**

**200.000 kr.**

Verkefnið mun setja upp og sýna beint streymi úr æðarvarpinu á Hrauni á Skaga með því markmiði að kynna æðarfuglinn, æðarbúskap og æðardún til íbúa og ferðamanna. PTZ myndavél í miðju þéttu æðarvarpi mun sýna fuglinn og hegðun hans frá nýju ótrufluðu sjónarhorni. Streymið verður m.a. sýnt frítt á Youtube og Facebook.

# STYRKHAFAR

## Stofn og rekstrarstyrkir

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir til safna, setra og listamiðstöðva á sviði menningarmála, séu stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga ekki leiðandi aðilar í rekstrinum. Meðal skilyrða sem söfn og setur þurfa að uppfylla til að þau komi til greina við úthlutun er að þau séu rekin með þeim hætti að opið sé fyrir ferðamenn a.m.k. júní, júlí og ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, sex daga vikunnar. Listamiðstöðvar skulu taka á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmri dvalar árið um kring. Styrkur er ákvarðaður út frá þeirri upphæð sem óskað var eftir og með það í huga hvert listrænt og menningarlegt gildi viðkomandi reksturs er fyrir svæðið.

### STYRKÞEGI

### UPPHÆÐ

#### Nes listamiðstöð

900.000 kr.

Markmið verkefnisins er áframhaldandi rekstur og uppbygging á Nesi listamiðstöð. Þar horfum við til að fá meira húsnæði fyrir verkstæðin okkar, byggingu sveitafélagsins, til að hýsa keramikverkstæðið og grafíkverkstæði, ásamt því að fá meira rými fyrir listamennina sjálfa. Listamiðstöðin hefur verið með vinnustofur í húsnæðinu að Fjörubraut 8 sl. 16 ár og stefnir hér í að stækka það rými um helming, með tilkomu þessara nýju verkstæða. Þannig vonumst við til að laða að enn breiðari hóp listamanna.

#### Stúdíó Handbendi - listamannadvöl

1.000.000 kr.

Árið 2025 mun Stúdíó Handbendi bjóða tveimur listamönnum til eins mánaðar, niðurgreiddrar, listamannadvalar, þar sem þeir fá tækifæri til að vinna að nýjum leikverkum, brúðulist og sjónrænum leikhúsverkum. Listamennirnir fá styrk og gistingu, sem gerir þeim kleift að þróa eigin verk í hvetjandi umhverfi, sem styrkir víðtækari listræn markmið Stúdíó Handbendis.

#### Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi

800.000 kr.

Markmið verkefnis er að efla faglega starfsemi safnsins og rekstur þess. Safnið er viðurkennt safn sem starfar í samræmi við safnalög nr. 141/2011. Safnið þarf að uppfylla fjölmörg skilyrði, bæði um eignarhald og ábyrgð í rekstri. Meðal annars þarf að hafa öryggis- og viðvörðunarkerfi í lagi. Eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi í húsnæði safnsins, sjá til þess að til staðar sé neyðaráætlun fyrir gesti, starfsfólk og safnkost, þá skal aðgengi allra gesta vera í samræmi við lög og reglugerðir.

#### Selasetur Íslands

1.000.000 kr.

Selasetur Íslands er einn stærsti segull á Norðurlandi vestra en þangað kemur mikill fjöldi ferðamanna til að sækja sér upplýsingar og fræðslu um bæði seli og rostunga. Selasetrið er auk þess leiðandi afl í selarannsóknnum á Íslandi, bæði hvað varðar líffræði hans og samspili við ferðamenn og er Selasetrið miðpunktur öflugrs vísindasamstarfs sem unnið er á Hvammstanga. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi rekstur Selasetursins og frekari uppbyggingu þess.



**Samgönguminjasafnið í Stóragerði****900.000 kr.**

Markmiðið er að efla og styrkja rekstur Samgöngusafnsins í Stóragerði sem ferðamannastað í Skagafirði og styrkja Norðurland vestra sem áhugaverðan kost til að ferðast um. Það er því megináhersla hjá okkur að bæta þjónustuna við þá ferðamenn sem okkur heimsækja, þeir eru besta markaðssetning sem Norðurland vestra getur fengið. Auka markaðssetningu á erlendum ferðasíðum til að koma okkur frekar á kortið innanlands jafnt sem og erlendis.

**Búminjasafnið Lindabæ****800.000 kr.**

Búminjasafnið lætur gera upp sjaldgæfar, gamlar dráttarvélar og tæki sem tengjast þeim (t.d. sláttuvélar og skúffur), sem og aðra gamla búmuni. Safnið hefur til sýnis vélar, tæki og tól sem gjörbreyttu heyskaparadferðum og vinnulagi bænda (t.d. mjaltavélar) á sl. öld. Þannig viðheldur safnið þekkingu á kaflaskilum í sögu landbúnaðar á Íslandi. Vonast er til að safnið laði fjölbreyttari hóp ferðafólks að Norðurlandi vestra og sé gott innlegg í fjölbreytta menningartengda ferðþjónustu svæðisins.

**Menningarfélagið Spákonuarfur****1.000.000 kr.**

Markmiðið er að halda áfram sýningarhaldi, viðhalda sagnaarfinum, starfrækja upplifunarferðamennsku og taka þátt í uppbyggingu ferðþjónustu á svæðinu ásamt því að efla aðra menningarstarfsemi sem Menningarfélagið Spákonuarfur stendur fyrir.

**Sögu- og listasýningar í Kakalaskála - heildarupplifun****1.000.000 kr.**

Aðalmarkmið verkefnisins eru að Kakalaskáli sé opinn og áhugaverður áfangastaður er miðlar sögu Sturlungaaldar (13. aldar) í gegnum sögu- og listasýningu með hljóðleidsögn, með kastljósi á sögu Þórðar kakala. Einnig að kynna útilistaverk Sigurðar Hansen, Sviðsetningu Haugsnesbardaga, sem er í nágrenni Kakalaskála, en sá bardagi átti sér stað þann 19. apríl 1246. Kakalaskála er enn sem fyrr ætlað að vera hluti af menningarflórinni í Skagafirði og styðja við aðra áfangastaði í nágrenninu.

**Sýndarveruleiki ehf. - 1238 Baráttan um Ísland****900.000 kr.**

Sýningin 1238 Baráttan um Ísland hefur vakið mikla athygli sem nýjung í ferðþjónustu á Íslandi og raunar þó víðar væri leitað. Sýningin færir gesti nær sögulegum stóratburðum heldur en hefðbundnar fræðslusýningar, þar sem með hjálp nýjustu tækni í miðlun og sýndarveruleika er gestum boðið að taka þátt í átakamestu atburðum Íslandssögunnar og beinlínis stíga inn í sögu Sturlungaaldar og berjast við hlið Sturlunga í Örlygsstaðabardaga.

## STYRKÞEGI

## UPPHÆÐ

### Verslunarminjasafnið á Hvammstanga

800.000 kr.

Verslunarminjasafnið Bardúsa á Hvammstanga varðveitir og sýnir sögu og gamla muni verslunarhátta í Húnaþingi vestra. Aðgangur á safnið er án endurgjalds og er safnið ekki rekið í hagnaðarskyni heldur til þess að varðveita merkilega sögu þessa svæðis. Verslunarminjasafnið var stofnað árið 1996 og hefur ætíð haft hluta tekna sinna af umboðssölu á handverki frá handverks- og listafólki í héraði.

### Ós Textíllistamiðstöð

900.000 kr.

Ós Textíllistamiðstöð hefur þá sérstöðu að samþykkja eingöngu hönnuði, handverks-, lista- og fræðafólk sem vinnur með textíl og er Ós ein örfárra slíkra listamiðstöðva í heiminum. Markmiðið er að leggja áframhaldandi metnað í rekstur Ós Textíllistamiðstöðvar ásamt því að byggja upp og halda við fjölbreyttri vinnuáðstöðu fyrir textíllistafólk sem kemur hingað alls staðar að úr heiminum.

# UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS VESTRA 2025



**SÓKNARÁÆTLUN**  
NORÐURLANDS VESTRA